

REGLUR

um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu.

1. gr.

Ákvæði alþjóðasamþykktar frá 12. maí 1954, ásamt breytingum frá 13. apríl 1962, um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, er birt var sem fylgiskjal með lögum nr. 77 10. maí 1966, skulu ná til allra íslenzkra skipa, að því er varðar losun á olíu og olíumenguðum sjó innan þeirra bannsvæða, sem samþykktin ákveður.

2. gr.

Oliustöðvar í landi, smurstöðvar og verksmiðjur skulu sjá svo um, að frá þeim komist engin olía eða olíumengaður vökvi til sjávar, hvorki beint né óbeint, gegnum holræsi eða á annan slíkan hátt og skulu ákvæði alþjóðasamþykktar þeirrar, sem um getur í 1. gr., gilda um oliustöðvar í landi, smurstöðvar, verksmiðjur og aðra slíka starfsemi, eftir því sem við á. Sama gildir um verksmiðjur og aðra starfsemi, sem valdið getur olíuóhreinkun stöðuvatna, sem hafa afrennsli til sjávar, lækja eða annarra straumvatna.

3. gr.

Skipaskoðunarstjóri hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara og skal hann hafa samráð við olíufélög, skipafélög, samtök iðnrekenda, hafnaryfirvöld, Dýra- verndunarsamband Íslands og Náttúruverndarráð um ráðstafanir til að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu og framkvæmd reglna um slík efni, eftir því sem ástæða þykir til.

4. gr.

Brot gegn þessum reglum varða sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum ákvæðum.

5. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 3. gr. laga nr. 77 10. maí 1966, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglur um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, nr. 250 30. október 1964.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. ágúst 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Brynjólfur Ingólfsson.